# AÐGERÐARÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR GEGN OFBELDI

MANNRÉTTINDA- OG OFBELDISVARNARRÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR 24. NÓVEMBER 2022

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is

# AÐGERÐARÁÆTLUN GEGN OFBELDI

Unnin af ofbeldisvarnarnefnd (þáverandi). Samþykkt í borgarstjórn í febrúar 2022.

Sett fram til að fá yfirsýn yfir þau verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Er 55 aðgerðir, samt ekki tæmandi.

Er vegvísir, henni þarf að fylgja eftir og það er á ábyrgð mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Gildir til 2024.



# AÐGERÐARÁÆTLUNIN BYGGIR MEÐAL ANNARS Á:

Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020

Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum

Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)

Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna

Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförnum árum

Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu ***Saman gegn ofbeldi***

Fjölmörg verkefni er lúta að forvörnum eru starfrækt í hverfum borgarinnar í samvinnu miðstöðva og leik- og grunnskóla.

Eru oft unnin í samvinnu margra stofnana og byggir á hugmyndum um eflingu félagsauðs.

Ýmsir samtarfs- eða samráðshópar eru í borginni eins og t.d. Saman hópurinn og Náum áttum.



# OFBELDI – HVERSU ALGENGT?



Í rannsókn á ofbeldi gegn konum (18-80 ára) sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 kemur fram:

✓Að rúmlega 42% aðspurðra kvenna á Íslandi hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma eftir 16 ára aldur.

✓Að 22% hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.

Áfallasaga kvenna:

40% íslenskra kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi – líkamlegu eða kynferðislegu

Í rannsókn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar frá 2021kemur fram að fjórðungur kvenna hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og þriðjungur kvenna 15 ára og eldri verið beittar einhvers konar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Samkvæmt tölum sem Rannsókn & greining vann fyrir UNICEF árið 2019 hafa tæplega eitt af hverjum 5 börnum á Íslandi (16,4%) orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi fyrir18 ára afmælisdaginn sinn (Rannsókn og greining, 2019). Hér er ekki meðtalin vanræksla, andlegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi eða einelti, en þá væri talan mun hærri.

Verið er að vinna nýja rannsókn um ofbeldi sem nær til allra kynja.

# NOKKUR DÆMI ÚR AÐGERÐARÁÆLUNINNI

# AÐGERÐ 7
# GREINA STÖÐU HEIMILISLAUSS FÓLKS Í TENGSLUM VIÐ HEIMILISOFBELDI

Heimilislaust fólk með fjölþættan vanda er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart ofbeldi og misnotkun. Settur verði á fót starfshópur til að fara yfir stöðu þeirra og gera tillögur að úrbótum.

Markmið: Greina hvernig er hægt að bæta þjónustu við þennan hóp.

Ábyrgðaraðili: **Saman gegn ofbeldi** og velferðarsvið - samvinna.

Samstarfsaðilar: Aðilar sem sinna heimilislausu fólki.

Tímarammi: 2022

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs og verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

# AÐGERÐ 16
# MEÐFERÐ FYRIR GERENDUR

Rjúfa vítahring ofbeldis með því að vísa gerendum á meðferðarúrræðið Heimilisfriður og í sumum tilvikum veita þeim styrk til að nýta sér það.

Hvetja ríkið til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi en nú er einvörðungu styrkt meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánum samböndum.

Ábyrgðaraðili: Hvatning; Saman gegn ofbeldi. Meðferð; Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Bréf með greinargerð til ríkisins 2021, annað er viðvarandi.



# AÐGERÐ 22
# TEYMI UM ÞJÓNUSTU VIÐ ALDRAÐA

Sett verði á fót **Lausnateymi** sem staðsett verður hjá **SELMA,** sem er færanlegt öldrunarteymi í heimaþjónustu. Lausnateymið mun sinna flóknum málum sem tengjast þjónustu við aldraða m.a. málum sem tengjast heimilisofbeldi.

Markmið: Að efla samstarf í flóknum heimilisofbeldismálum aldraðra til að geta betur mætt þörfum þessa hóps.

Tímarammi: 2022.

Ábyrgð: Velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Aðilar innan borgarkerfisins og utan eftir því sem við á hverju sinni.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

# AÐGERÐ 23
# LEIÐBEININGAR FYRIR SAMSTARFSFÓLK ÞEIRRA SEM BÚA VIÐ EÐA HAFA ORÐIÐ FYRIR OFBELDI

Vinna verklagsreglur/leiðbeiningar fyrir starfsfólk borgarinnar verði það vart við að samstarfsfélagar búi við heimilisofbeldi.

Markmið: Finna leiðir til að styðja við samstarfsfólk sem býr við heimilisofbeldi.

Ábyrgð: **Saman gegn ofbeldi**/verkefnisstjóri og mannauðs- og starfsumhverfissvið

Tímarammi: Vor 2022.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi.**

# AÐGERÐ 51. FRÆÐSLA FYRIR DYRAVERÐI

Samkvæmt samkomulagi við Mími símenntun heldur starfsfólk frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fræðslu fyrir dyraverði sem er hluti af námskeiði til dyravarðaréttinda.

Inntak fræðslunnar er eftirfarandi: Hvernig geta okkar eigin fordómar og staðalmyndir í samfélaginu haft áhrif á samskipti okkar við mismunandi hópa? T.d. innflytjendur, hinsegin fólk og fatlað fólk. Hverjar eru birtingarmyndir fordóma og hvernig geta þeir leitt til áreitni og ofbeldis? Hvað er kynferðisleg áreitni og hvernig er hægt að bregðast við henni?

Markmið að loknu námi er að nemendur:

Séu meðvitaðir um mismunandi stöðu fólks í samfélaginu sem sækir skemmtistaði t.d. út frá kyni, uppruna, kynþætti, litarhætti, kynhneigð, fötlun eða annarri stöðu.

Geti borið kennsl á birtingarmyndir fordóma og áreitni gagnvart ólíkum hópum

Þekki birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og þekki leiðir til að bregðast við

Hafi öðlast aukna færni til þess að bregðast við hegðun sem byggir á fordómum

Markmið: Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.

Ábyrgðaraðili: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu/mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Mímir, símenntun.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Kostnaður við námskeið er greiddur af eigendum/rekstaraðilum skemmtistaða.

# ÁSKORANIR OG ÞAÐ SEM ÞARF AÐ HAFA Í HUGA

Fjölbreyttara samfélag – þarf að hugsa um marga þætti samtímis.

Covid → aukið heimilisofbeldi – mun hafa afleiðingar.

Hækkandi hlutfall aldraðra – sum í þeim hópi hafa ekki hafa unnið úr áföllum.

Aukið ofbeldi í almannarýmum?

Aukið stafrænt ofbeldi – sér í lagi hjá yngra fólki.

Erfitt að ná til jaðarhópa t.d. fólks sem notar vímuefni.

Aðgengismál flækjustig - t.d. í Kvennaathvarfinu (horfir til bóta) og Heimilisfriði.

Aukið ofbeldi í garð hinsegin fólks – sér í lagi trans fólks.

Flóttafólk – þurfum að hlúa vel að þeim, áföll, ofbeldi.

Aukin öfgahyggja?

